

64. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, haldinn í Kötluetri föstudaginn 23.9 2022 kl. 13.

Mætt: Tómas Birgir Magnússon, Einar Freyr Elínarson í forföllum Björns Þórs Ólafssonar, Æsa Guðrúnardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Berglind Sigmundsdóttir framkvæmdastjóri.

Forföll: Sveinn Hreiðar Jensson.

Tómas Birgir Magnússon formaður setti fund, og gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

- **Fundargerð 63. fundar staðfest með undirritun.**
- **Fjárhagsáætlunin 2023 – umræður og undirbúningur**

Rætt um verklag, samþykkt að framkvæmdastjóri fylgi eftir tillögum stjórnar við framkvæmdastjóra sveitarfélaganna. Samningurinn við ríkið rann út í árslok 2021. Samþykkt að framkvæmdastjóri og sveitarstjóri Mýrdalshrepps móti verkefnatillögu sem kynnt verður aftur fyrir stjórn um fræðslutengt verkefni og viðræður hafnar við ríkisvaldið um fjármögnun.

Grunnrekstur jarðvangsins við núverandi aðstæður kostar um 35 mkr á ári. Vonast er til að rekstrarafkoma yfirstandandi árs verði jákvæð.

- **Samþykktir – fara yfir endurskoðaðar samþykktir**

Farið yfir fyrri tillögur um breytingar. Drög að breyttum samþykktum samþykktar samhljóða og vísað til síðari umræðu í stjórn. Í framhaldinu verður tilkynnt til Fyrirtækjaskrár um nýjar samþykktir og skipan nýrrar stjórnar.

- **Erindi Víkurskóla - aðkoma að fastri kennslu í skólum – vilyrði stjórnar**

Stjórnin tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra að fylgja því eftir.

- **Beiðni Rannsóknamiðstöð Ferðamála um álit jarðvangs að vindorkugarði**

Málinu frestað

- **Önnur mál**

- Samþykkt að fyrirliggjandi drög að umsögn jarðvangsins um námuvinnslu á Mýrdalssandi verði send aðildarsveitarfélögunum. Stjórn jarðvangsins telur mikilvægt að sveitarstjórnirnar ræði hvernig jarðvangurinn eigi að bregðast við beiðnum um umsagnir.
- Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi stjórninni tillögu að skipulagi vinnu við svæðismörkunina, sbr. styrkinn frá SASS.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 15:30.